

Heilbrigðisnefnd

Ár 2016, þriðjudaginn 9. ágúst kl. 14.36 var haldinn 104. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í fundarsal Hofi á 7. hæð að Borgartúni 12-14 og hófst kl. 14.30. Viðstaddir voru: Sabine Leskopf, Diljá Ámundadóttir, René Biasone, Björn Birgir Þorláksson, Sveinn Hjörtur Guðfinnsson og Ragnheiður Héðinsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Árný Sigurðardóttir, Rósa Magnúsdóttir og Óskar Í. Sigurðsson. Fundarritari var Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar drög að reglugerð um brennisteinstvíoxíð, köfnunarefnistvíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofninu og um styrk ósons við yfirborð jarðar og upplýsingar til almennings auk greinargerðar og umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um reglugerðardrögin dags. 24. júní 2016.
Kynnt.
- Svava S. Steinarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lögð fram til kynningar erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 2. mars 2016 um undanþágu frá reglugerð nr. 724/2008 um hávaða varðandi vörulosun í miðborg Reykjavíkur og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. ágúst 2016.
Kynnt.
- Svava S. Steinarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lögð fram til samþykktar tillaga að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Isavia ohf. til að starfrækja Reykjavíkurflugvöll.
Samþykkt samhljóða.
- Guðjón Ingi Eggertsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Lögð fram til samþykktar tillaga að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir rekstri á efnisnámu og jarðefnamóttöku til landmótunar í Bugamel, í landi Norðurkots á Kjalarnesi.
Samþykkt samhljóða.
5. Lagðar fram samantektir á svörum til Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga dags. 13. júlí 2016 og 15. júlí 2016.
Kynnt.
6. Lögð fram til kynningar lokaskýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun í úrgangsmálum.
Kynnt.
- Eygerður Margrétardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Fundartímar heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
Rætt.
8. Lögð fram til afgreiðslu umsókn móttekin 19. júlí 2016 um hæsnahald Birkihlíð 48 fyrir 2-3 hænum.
Samþykkt samhljóða.
9. Lagður fram listi dags. 9. ágúst 2016 yfir samþykkt tóbaks- og starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Jafnframt lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur nr. 1137-1150.
10. Lagður fram listi dags. 9. ágúst 2016 yfir samþykkt hundaleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Fundi slitið kl. 16.20

Sabine Leskopf

Björn Birgir Þorláksson
Ragnheiður Héðinsdóttir

René Biasone
Dilja Ámundadóttir